

Almennar kirkjubænir og bænir í sérstökum aðstæðum

Efnisyfirlit

Almennar kirkjubænir og bænir í sérstökum aðstæðum	1
Efnisyfirlit	1
I. Inngangur	3
II. Skammstafanir	3
III. Bygging Almennrar kirkjubænar	4
IV. Almennar kirkjubænir	5
1. Kirkjubæn með svari frá söfnuðinum í lokin	5
2. Kirkjubæn með svari frá söfnuðinum í lokin	6
3. Kirkjubæn með kynningu	7
4. Kirkjubæn með kynningu og svörum safnaðarins	8
5. Kirkjubæn með kynningu og svörum safnaðarins	10
6. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	11
7. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	12
8. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	13
9. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	14
10. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	15
11. Kirkjubæn með svörum safnaðarins	16
12. Friðarbæn í víxllestri	17
13. Kirkjubæn kærleikspjónustu með hreyfingum og svörum safnaðarins	19
14. Kirkjubæn á aðventu með svörum safnaðarins	20
15. Litanía á aðventu og föstu með svörum safnaðarins	21
16. Kirkjubæn á aðventu með svörum safnaðarins (Ó, Antífónur)	22
17. Kirkjubæn á jolum með svörum safnaðarins	23
18. Kirkjubæn á gamlárskvöld með svari safnaðarins í lokin	24
19. Kirkjubæn á nýársdag með svörum safnaðarins	25
20. Kirkjubæn á föstu með regnbogakertum	26
21. Kirkjubæn á Boðunardegi Maríu með svörum safnaðarins	28
22. Kirkjubæn á skírdagskvöld með svörum safnaðarins	30
23. Kirkjubæn á föstudaginn langa án svars safnaðarins	31
24. Kirkjubæn á páskadag með svörum safnaðarins	32
25. Kirkjubæn á páskadag með svörum safnaðarins	33
26. Kirkjubæn um sumar með svörum safnaðarins	34
27. Kirkjubæn við fermingu með svörum safnaðarins	35
V. Bænir í sérstökum aðstæðum – kirkjuárið	36
28. Á sunnudögum árið um kring	36
29. Á aðventu	36
30. Um jól	36
31. Á gamlárskvöld	36
32. Á nýársdag	36

33.	Um föstu.....	37
34.	Um páska	37
35.	Á uppstigningardag.....	37
36.	Um hvítasunnu.....	37
VI.	Bænir í sérstökum aðstæðum – kirkjulegar athafnir og aðstæður daglegs lífs	38
37.	Þegar barn er skírt.....	38
38.	Við fermingu	38
39.	Fyrir nývígðum hjónum.....	38
40.	Fyrir landi og þjóð	38
41.	Fyrir samfélagi okkar.....	38
42.	Fyrir friði.....	39
43.	Fyrir atvinnulífi þjóðarinnar	39
44.	Fyrir skólum.....	39
45.	Fyrir menningarlífi	39
46.	Fyrir kristniboði og útbreiðslu fagnaðarerindisins	39
47.	Fyrir söfnuðinum	39
48.	Í vetrarbyrjun	40
49.	Á meðan á vertíð stendur	40
50.	Fyrir ferðamönnum.....	40
51.	Í sumarbyrjun	40
52.	Fyrir náttúruvernd	40
53.	Þakkargjörð.....	40
54.	Styrkur í þrengingum	41
55.	Fyrir þeim sem sjúk eru og/eða hafa óskað fyrirbænar.....	41
56.	Minning látinna.....	41
57.	Fyrir eldra fólki	42
58.	Fyrir foreldrum og uppalendum	42
59.	Fyrir börnum.....	42
60.	Um traust.....	42
61.	Fyrir friði.....	43

I. Inngangur

Almenn kirkjubæn er sameiginleg bæn safnaðarins um þau efni sem á söfnuðinum hvíla. Þess vegna hvetur Handbókarnefnd eindregið til þess að söfnuðurinn skrifi sínar eigin kirkjubænar og noti til þess eftirfarandi uppástungur um form og innihald. Nefndin leggur áherslu á að hin vígða þjónusta beri ætíð ábyrgð á bæninni. Eðlilegt má telja að djákni eða prestur flytji jafnan síðasta hluta bænarinnar, ekki síst ef ekki fer fram altarisganga og Faðir vor fylgir í beinu framhaldi almennrar kirkjubænar. Ef fram fer altarisganga gæti vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum: „Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.“ Sem fyrirmynd og sýnishorn fyrir bænaskrif leggur nefndin fram eftirfarandi sjóð af kirkjubænum. Bænarnar eru mislangar, úr ýmsum áttum og frá ólíkum tímum. Lengri bænarnar henta vel í guðsþjónustum þar sem ekki er altarisganga og meira rými gefst til bænaiðju. Í safninu er einnig að finna almennar kirkjubænar úr fyrri handbók sem færðar hafa verið til nútímamáls og kynhlutlausara tungutaks.

Þegar almenn kirkjubæn er skrifuð er gott að hafa eftirtalin atriði í huga:

1. Í trúarhefð kristninnar hafa eftirtalin fimm bænarefni öldum saman verið grunnur almennrar kirkjubænar: Að biðja fyrir kristninni í heiminum, veraldlegum yfirvöldum, heimasöfnuðinum, friði í heiminum og loks sjúkum og deyjandi. Flétta má þessum bænarefnum saman á ýmsan hátt.
2. Almenna kirkjubænin er fyrirbæn, ekki upplýsingaveita. Verkefni kirkjubænarinnar er að bera fram fyrir Guð þau bænarefni sem á okkur hvíla. Almenna kirkjubænin er ekki stund til að koma á framfæri tilkynningum í kirkjustarfinu, þó svo að gjarnan megi biðja fyrir starfinu í bæninni.
3. Gæta þarf að málfari allra kynja í bænamáli safnaðarins og forðast að myndlíkingar vísi eingöngu til karlkyns.
4. Tungutakið sé skiljanlegt flestum aldurshópum.
5. Almenn kirkjubæn er bæn alls safnaðarins, þeirra sem koma til guðsþjónustu og þeirra sem heima sitja. Almenna kirkjubænin er líka hluti af ákalli kristins fólks um víða veröld. Þess vegna þarf bænin að vera í fleirtölu og hafa víða skírskotun.
6. Gæta þarf þess að gera ekki óþarfan greinarmun á milli fólks í bæninni, milli „okkar“ sem fólksins með bjargráðin og „hinna“ sem engin hafa. Tala þarf með virðingu um þau sem beðið er fyrir og á jafnræðisgrundvelli. Þannig er gott að hafa í huga að fólk er alltaf meira en þeir sjúkdómar og andstreymi sem það býr við og að aðstæður skilgreina ekki að öllu leyti sjálfsmynd fólks. T.d. fer yfirleitt betur á því í nútíma bænamáli að biðja fyrir fólki sem býr við fátækt fremur en „fátækum“.
7. Orða þarf bænir á stuttan og gagnorðan hátt.

II. Skammstafanir

L Óvígður fulltrúi safnaðarins, djákni eða prestur

D Djákni

P Prestur

S Söfnuður

A Allir

III. Bygging Almennrar kirkjubænar

Bænarefni geta t.d. tekið á sig þessa fimmföldu mynd:

1. *Jarðarbúar*: Biðja má fyrir:
 - manneskjum í neyð vegna slysa og hamfara, vegna fátæktar, stríðsátaka og annarrar neyðar og angistar
 - vernd sköpunarverksins og allra lífvera þess
 - mannúð og mannréttindum á heimsvísu
 - manneskjum sem gegna ábyrgðarstörfum, hreyfingum og stofnunum sem sinna hjálpar-, mannréttinda- og umhverfisstarfi á heimsvísu.
 - friði og friðarstarfi
2. *Land og þjóð*: Biðja má fyrir:
 - manneskjum í neyð
 - þeim sem eru sjúk og einmana
 - þeim sem búa við fátækt, eru í fangelsi og upplifa félagslega einangrun
 - þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi, slysum, hamförum og öðrum áföllum
 - yfirvöldum og þeim sem gegna ábyrgðarstörfum í almannabágu
 - börnum og unglingum
 - inngildingu ólíkra hópa
 - okkar eigin hlutverki í heiminum
3. *Kristnin í heiminum og í okkar landi*: Biðja má fyrir:
 - kristinni kirkju í heiminum
 - kristniboði og kristniboðum, díakoníu heima og heiman, vinasöfnuðum
 - þeim sem eru ofsótt vegna trúar sinnar
 - biskupum, prestum, djáknum og öllu óvígðu starfsfólki í launaðri og sjálfböðinni þjónustu í söfnuðum, sérþjónustu og miðlægu starfi kirkjunnar
 - kirkjustarfi í söfnuðum og sérþjónustu landsins
 - öðrum kristnum söfnuðum, samkirkjulegu starfi og þvertrúarlegu samstarfi
4. *Heimasöfnuðurinn*: Biðja má fyrir:
 - heimasöfnuðinum og staðnum þar sem búið er
 - skírðum og fermdum, börnum, unglingum og fjölskyldum
 - nývígðum hjónum og aðstandendum þeirra sem hafa látist
 - fólki og samfélagi á heimaslóð
 - kirkjutónlist, menningu og listum
 - leikskólum og skólum
 - þeim sem eru sjúk og deyjandi
 - þeim sem eru á hjúkrunarheimili
 - vinnustöðum og atvinnulífi
 - eigin fjölskyldum og nátengdu fólki
 - nágrönnum og þeim sem koma saman í guðsþjónustunni
 - fólki sem hefur beðið um fyrirbæn
 - þeim sem sinna umhverfisstarfi í heimasöfnuðinum
 - okkar eigin kalli til trúar og þjónustu
 - þjónum safnaðarins í sjálfböðinni og launaðri þjónustu
5. Það sem upp kemur og þarf að biðja sérstaklega fyrir

IV. Almennar kirkjubænir

1. Kirkjubæn með svari frá söfnuðinum í lokin

Bænin er án andsvars safnaðarins, en hana má aðlaga með því að syngja bænasvar í sálmaþók milli bæna.

- L Við þökkum þér, Guð, fyrir að þú ert með okkur öllum stundum og hlustar á bænir okkar, bænir sem við berum fram fyrir þig í þögn, gleði og sorg. Þú þekkir innsta kjarna okkar, ósagðar bænir okkar og vonir, styrk þú okkur í bæninni til þín.
- L Guð, ljósmóðir, vertu með öllum þeim sem áhyggjur þjaka, þeim sem eru veik og einmana, þeim sem syrgja og eru hrædd og týnd. Gakktu með þeim hvert skref þeirra og umvefðu þau kærleika þínum.
- L Friðarins Guð, við biðjum fyrir öllum þeim sem upplifa ófrið, hið innra eða hið ytra. Megi friður ríkja og sátt meðal fólks.
- L Lífsins Guð, við biðjum fyrir kirkjunni okkar, starfsfólki hennar og söfnuðum. Megi orð þitt vera okkur lifandi og gefa innblástur til góðra verka. Megum við vera hendur þínar í okkar daglega lífi.
- L Við biðjum fyrir landinu okkar og því ráðafólki sem störfum gegnir í almannapágu. Blessa umhverfi okkar og náttúru. Minntu okkur á að fara vel með jörðina, sköpun þína, og ganga um hana af virðingu.
- L Kærleikans Guð, við biðjum fyrir sjálfum okkur. Í amstri dagsins eigum við það til að gleyma því. Viltu minna okkur á að huga að sjálfum okkur svo við getum hlúð að öðrum. Veit okkur leiðsögn á lífsins vegi, Guð, og lát okkur aldrei villast frá þér, þú sem veitir okkur hvíld og ert andleg uppspretta kyrrðar og endurnæringar.
- L Allar aðrar bænir sem á okkur hvíla leggjum við fram fyrir þig í þögn.
- L Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum. Í Jesú nafni. Amen.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Í Jesú nafni biðjum við eins og frelsarinn kenndi: **A** Faðir vor ...

Mörg hvatningarorð eru notuð í bænunum sem á eftir fara og er lesurum frjálst að velja á milli þeirra og skipta um eftir atvikum.

2. Kirkjubæn með svari frá söfnuðinum í lokin

Söfnuður svarar í lokin með Amen.

- L** Guð, sem ert höfn okkar, skjól og öryggi.
Við biðjum þig að varðveita, blessa og útbreiða kirkju þína um alla jörð.
Styrk þau sem þjáningar þola vegna þíns heilaga nafns.
Send trúa verkamenn í vingarð þinn.
Vek þau sem andvaralaus eru.
Upplýs þau sem efasemdir hrjá.
Veit öllu fólki og þjóðum náð til að þekkja þig.
Hugga þau sem sorgir þjaka.
Líkna þeim sem glíma við sjúkleika, hafa misst foreldra sína eða eiga fáa að.
Hald þinni almáttugu verndarhendi yfir íbúum landsins og landinu sjálfu.
Varðveit forseta Íslands, ríkisstjórn, löggjafarþing og dómstóla,
sem og þau öll sem starfa í almannabágu.
Gef þú þjóðinni góða vegu til bjargræðis
og varðveit frelsi hennar og menningu.
Gef frið meðal þjóða og hjörtum manna þann sanna frið
sem heimurinn má hvorki veita né frá okkur taka.
- S** Amen.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir D/P:

D/P Biðjum saman bænina sem Drottinn kennir okkur.

A Faðir vor ...

3. Kirkjubæn með kynningu

Gert er ráð fyrir tveimur til sex lesurum.

L1 Ljóssins Guð, þú sem elskar sköpun þína og nærir hana af umhyggju. Við lofum þig og þökkum þér fyrir gjafir þínar. Við biðjum þig, hlusta á bænir safnaðar þíns.

L1 Guð er kærleikur og þau sem eru stöðug í kærleikanum eru stöðug í Guði. (Slm 109.26)

L2 Elskunnar Guð, við þökkum þér fyrir allt sem gerir lífið gott og fallett. Láttu kærleikann sem streymir frá þér lita líf okkar svo að við séum tilbúin að aðstoða náungann. Gefðu okkur styrk til að vera ljós og salt heimsins, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Öll þið sem eruð skírð til samfélags við Krist hafið íklæðst Kristi. (Gal 3.27)

L3 Guð, kæra vinkona, við biðjum fyrir kirkju þinni, störfum hennar og söfnuðum. Við biðjum þess að kirkjan uppfylli hlutverk sitt sem biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja. Veit henni að vera umvefjandi faðmur kærleika og réttlætis. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Þekkjum hina góðu sköpun Guðs sem er heimili okkar allra (1Mós 1.31)

L4 Himna smiður, við þökkum þér fyrir sköpun þína, fyrir jörðina sem umvefur okkur. Gef að við hugum að umhverfi okkar og tökum höndum saman til að endurvinna og endurnýta. Minntu okkur á að lífið og framtíðin er í þínum höndum. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Látum frið Krists ríkja í hjörtum okkar, því að Guð kallaði okkur til að lifa saman í friði sem limi í einum líkama. (Kól 3.15)

L5 Friðarins Guð, við biðjum fyrir þeim sem andvarpa og gráta, veit þeim styrk og von. Við biðjum um frið og gæsku um alla jörðina, svo mannanna börn velji visku í öllum aðstæðum en ekki reiði eða hatur. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Mismunið ekki mönnum, bræður mínir og systur, þið sem trúið á Jesú Krist, dýrðardrottin okkar, farið ekki í manngreinarálit. (Jak 2:1)

L6 Móðir margbreytninnar, við þökkum fyrir fjölbreytileika lífsins. Auk skilning okkar á því að við erum öll ólík og einstök á okkar eigin hátt. Öll erum við dýrmæt sköpun þín. Gef að við fáum öll að njóta jafnra tækifæra, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Allar bænir okkar leggjum við í hendur Guði í hljóði. **Þögn.**

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir D/P:

D/P Biðjum saman bæn Drottins.

A Faðir vor ...

4. Kirkjubæn með kynningu og svörum safnaðarins

Djákni eða meðhjálpari eða einhver úr söfnuðinum les kynningu bænarefna. Hér er miðað við tvo til átta lesara.

- L1** Biðjum fyrir kirkju Krists, hér á landi og um víða veröld.
- L2** Lífsins Guð. Þú sem sagðir lærisveinum þínum að fara og skíra og kenna um veröld víða. Við biðjum þig að blessa kirkju þína innanlands sem utan. Gef henni anda sannleika, einingar og friðar, og forða henni frá því að villast. Leiðrétt hana þegar henni verða á mistök eða hún afvegaleiðist og styð hana í baráttu, erfiðleikum og mótlæti. Send henni glaða, trygga og heilsteypa þjóna, uppörva þau sem finna fyrir þreytu, kulnun eða vonleysi í þjónustunni. Gef að fólk finni í kirkju þinni samfélag, stuðning og leiðsögn. Fyrir Jesú Krist sem er vegurinn.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L1** Biðjum fyrir samfélaginu og þeim sem ábyrgðarstöðum gegna í almannapágu.
- L3** Við biðjum þig, Guð, að blessa samfélag okkar og þau sem hér búa. Ver með þeim sem starfa í págu lands og lýðs. Vak yfir forseta Íslands, ríkisstjórn, alþingi, sveitarstjórnnum og dómstólum. Blessa þau öll sem fara með vald og gef þeim anda visku, forsjálni og hyggindi. Send þeim trausta ráðgjafa og ráðholla vini. Fyrir Jesú Krist, ljós heimsins.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L1** Biðjum fyrir þeim sem glíma við mótlæti, veikindi eða búa við erfið kjör.
- L4** Við biðjum þig, Guð, fyrir þeim sem eru sjúk og sorgmædd, einmana og einangruð. Við leggjum í þínar hendur þau sem skortir heilsu og styrk, búa við fátækt og eru jaðarsett, líða vegna ofbeldis eða annarrar ógnar. Gef styrk, æðruleysi og reisn. Fyrir Jesú Krist, lífsins vatn.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L1** Biðjum fyrir friði á jörðu.
- L5** Við biðjum þig, Guð, fyrir öllum sem líða vegna stríðs og átaka, náttúruhamfara og annarrar ógnar. Sérstaklega nefnum við þau sem eiga um sárt að binda vegna ... Uppvek með krafti þínum þau öll sem stöðvað geta ill verk og skaðleg ráð. Ver með þeim ótalmörgu sem eru á flóttu eða á vergangi í heiminum. Gef okkur opinn faðm, hlýjar hendur og skilningsrík eyru gagnvart þeim sem neyðast til að flýja heimaland sitt. Fyrir Jesú Krist, lífsins brauð.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L1** Biðjum fyrir lífríki jarðar.
- L6** Guð, sem skapar himin og jörð, lyng og lömb, fólk og fjöll. Á tímum hamfarahlýnunar biðjum við að augu ráðamanna heimsins opnast fyrir ábyrgð þeirra á framtíð jarðar og velferð komandi kynslóða. Gef okkur hverju og einu meðvitund um ábyrgð á eigin lífsstíl og nærumhverfi. Forða okkur frá sóun og neysluhyggju og hjálpa okkur að sjá að einfalt og hófstíll líf er gott líf. Fyll brjóst sérhverrar manneskju af ábyrgð gagnvart

auðæfum jarðar og vitund um takmarkaðar auðlindir heimsins. Fyrir Jesú Krist, hinn sanna vínvið.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Biðjum fyrir ástvinum okkar lífs og liðnum.

L7 Við biðjum þig, Guð að vaka yfir og blessa öll þau sem við elskum, nær og fjær. Þú þekkir þau hvert og eitt með nafni og veist um örlög þeirra og afdrif. Við leggjum þau eitt og sérhvert í þínar hendur og treystum því að þú gleymir þeim ekki. Við treystum því einnig að þú gleymir ekki okkur þótt við í amstri dagsins gleymum þér. Hjálpaðu okkur að muna eftir því að huga að sjálfum okkur svo við getum hlúð að öðrum. Veit okkur leiðsögn á lífsins vegi og lát okkur aldrei villast frá þér, þú sem ert uppspretta kyrrðar og endurnæringar. Fyrir Jesú Krist, ljós lífsins.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Heilagi Guð, sem við megum kalla móður og föður. Við berum fram fyrir þig þær bænir aðrar sem á okkur hvíla og biðjum í hljóði.

Hljóð bæn

L8 Lífsins blóm, við treystum að þú lýsir okkur langan dag sem dimma nótt svo við megum vera salt og ljós í þessum heimi. Opna helgidóm hjarta okkar, bein okkur frá blekkingum og minntu á hamingjudaga. Fyrir Jesú Krist, sem er sannleikurinn og lífið.

S Guð, heyr þá bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir D/P:

D/P Allar bænir okkar leggjum við í hendur Guðs í hljóði.

A Faðir vor ...

5. Kirkjubæn með kynningu og svörum safnaðarins

Í þessari bæn les djákni eða meðhjálpari eða einhver úr söfnuðinum kynningu bænarefna. Hér er miðað við tvo lesara en þeir mega gjarnan vera fleiri. Á eftir hverri kynningu er höfð þögn eða minnt á sérstök bænarefni tengd hverri bæn.

L1 Biðjum saman í Jesú nafni. Biðjum fyrir kirkju Íslands og allri kristni á jörðu.

Þögn eða frekari kynning bænarefna.

L2 Himneski faðir, þú sem hefur gefið okkur athvarf í kirkju þinni á jörðu, við biðjum þig að varðveita okkur og styrkja í sannri trú, svo að við í orði og verki vegsömum þitt heilaga nafn. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Biðjum fyrir þjóð okkar og þeim sem stjórna málum hennar.

Þögn eða frekari kynning bænarefna.

L2 Eilífa speki, lofuð sért þú fyrir íslenska mold og mið. Vak yfir bjargræði okkar og lát okkur ekki spilla því sem þú hefur skapað. Vernda alla við störf sín á sjó og á landi. Fylg þeim sem fara um loftsins vegu. Afstýr slysum og veit okkur af miskunn þinni, að við megum lifa í sátt og friði við allar þjóðir. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Biðjum fyrir sjúkum og bágstöddum.

Þögn eða frekari kynning bænarefna.

L2 Miskunnsami Guð, sem vakir í kærleik yfir öllu, sem þú hefur skapað, við biðjum þig að hjálpa og líkna þeim sem þjást og stríða, sakna og syrgja. Styrk þau í trúnni, vek þeim von og traust og lát þau fá að reyna, að þú bjargar og blessar. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L1 Biðjum um frið á jörðu, réttlæti og frelsi til handa öllum mönnum.

Þögn eða frekari kynning bænarefna.

L2 Algóða móðir, miskunna hreiddum heimi. Vernda alla fyrir voða, rangsleitni og kúgun. Hindra ofbeldi og stöðva styrjaldir. Hjálpa okkur að efla sátt og frið og fyrirgefa eins og þú vilt í Kristi fyrirgefa okkur. Fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

Hér er höfð þögn til hljóðrar bænar eða beðið bænar í sérstökum aðstæðum.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

A Faðir vor ...

6. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

- L** Biðjum saman í Jesú nafni. Drottinn Guð. Við felum þér kirkju þína um víða veröld og þau öll sem útbreiða ríki þitt. Veit þeim sem bera ábyrgð í kirkjunni blessun þína og leiðsögn. Minnst þú allra kristinna kirkna og kirkjudeilda og allra barna þinna sem aðhyllast önnur trúarbrögð eða engin. Endurnýja hjá okkur kraftinn til að bera orði þínu vitni, rækta og iðka trúna og varðveita kristinn sið í sjálfum okkur og í landinu. Fyrir Jesú Krist.
- S** Heyr þá bæn, Drottinn Guð.
- L** Heilagi Guð, við biðjum þess að þú vakir yfir stjórnvöldum og dómstólum. Gef öllum þeim sem bera ábyrgð í málefnum þjóðarinnar anda speki og ráðsnilldar og stýr áformum þeirra og verkum til heilla fyrir þjóð og land. Send þeim trausta ráðgjafa og ráðholla vini. Varðveit og blessa þjóðina og hjálpa okkur að standa vörð um frelsi hennar og fullveldi. Gjör okkur þolinmóð og elskurík gagnvart þeim sem vilja gjöra Ísland að sínu nýja heimalandi. Lát anda gestrisni og aðgæslu haldast í hendur. Fyrir Jesú Krist.
- S** Heyr þá bæn, Drottinn Guð.
- L** Opna augu okkar, miskunnsami Guð, fyrir neyð annarra. Minnstu þeirra sem standa höllum fæti, glíma við atvinnuleysi, fátækt og skuldabyrði, vonleysi, kvíða og heilsubrest. Lát frið og einingu vaxa og ríkja meðal þjóða og þjóðarbrotta og sáttfýsi og skilning móta viðhorf allra. Send frið þinn þangað sem ófriður ríkir. Uppvek með krafti þínum þau öll sem stöðvað geta ill verk og skaðleg ráð. Fyrir Jesú Krist.
- S** Heyr þá bæn, Drottinn Guð.
- L** Almáttugi Guð, sem felur okkur ráðsmennsku í sköpun þinni. Gef okkur visku og auðmýkt, að við notum auðæfi jarðar okkur til blessunar og viðurværis, en spillum þeim eigi. Lát okkur svo umgangast það sem þú hefur skapað, að enginn beri skaða af, en komandi kynslóðir megi einnig njóta lífs í gnægtum og lofa gæsku þína. Blessa þú byggðir og óbyggðir landsins og gef gott árferði til lands og sjávar. Fyrir Jesú Krist.
- S** Heyr þá bæn, Drottinn Guð.
- L** Við minnumst fyrir augliti þínu foreldra okkar og annarra ættingja og velgerðarmanna. Blessa okkar börn og öll börn og hina uppvaxandi kynslóð. Við felum þér líf okkar og starf og biðjum þess að við megum vinna ljóssins verk meðan dagur er og getum örugg staðið frammi fyrir þér er ævi okkar lýkur. Við minnumst allra þeirra sem þú hefur kallað burt af þessum heimi til hins himneska. Þau hvíli í friði og þitt eilífa ljós lýsi þeim. Fyrir Jesú Krist.
- S** Heyr þá bæn, Drottinn Guð.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja. **A** Faðir vor ...

7. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

- L** Himneski faðir. Við heiðrum þig og tignum heilagt nafn þitt. Heyr bænir okkar þegar söfnuður þinn lýtur þér, biður og þakkar fyrir allt það sem þegið hefur verið úr hendi þinni, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér kirkju þína um víða veröld og þau öll sem útbreiða ríki þitt. Við minnumst kirkju landsins, biskupa, presta, djákna og allra starfsmanna og safnaða og biðjum að orð þitt sé alls staðar lifandi og virkt börnum þínum til blessunar, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér land okkar og þjóð og biðjum um leiðsögn þeim til handa sem gegna vandastörfum í almannapágu. Blessa forseta Íslands, ríkisstjórn, löggjafarþing, dómstóla og sveitarstjórnir. Lát frið og einingu ríkja í þjóðlífinu og frið meðal þjóða, sáttfýsi með skilningi móta viðhorf okkar, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér þau sem sjúk eru og vanheil, sorgmædd og þau sem áhyggjur þjaka. Vitja þeirra og bæt úr hverju böli, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér heimili okkar og fjölskyldur. Lát helgan anda þinn göfga dagfar í önnum og hvíld, í gleði og raun. Leið hvert barn til þroska, hvert ungmennti til trúar á þig, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér líf og starf okkar allra, annir og hvíld, og biðjum þess að við megum vinna ljóssins verk meðan dagur er og getum örugg staðið frammi fyrir þér er ævinni lýkur. Við minnumst þeirra sem látin eru. Þau hvíli í friði og eilíft ljós þitt lýsi þeim, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Hér má bæta við bænum í sérstökum aðstæðum.

- L** Við felum þér, Guð, þau bænarefni önnur, sem á okkur hvíla og biðjum í hljóði saman.

Hljóð bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Í Jesú nafni biðjum við eins og frelsarinn kenndi: **A** Faðir vor ...

8. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

L Guð almættis og eilífðar. Þú hefur kennt okkur með orðum postula þinna að ákalla þig, þakka þér og biðja fyrir öðrum: Veit kirkju þinni anda sannleika, einingar og friðar. Útbreið hana um alla jörð. Gef öllum sem jástast þér að lifa í eindrægni og kærleika hvert með öðru, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L Við biðjum þig að blessa kirkju landsins og öll störf hennar. Veit biskupum okkar og prestum, djáknum og öllum sem þjóna í kirkju þinni, náð þína og frið, að þau fái borið þér vitni með lífi sínu og trú og veitt heilög sakramenti þín með alúð og gleði, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L Við biðjum þig fyrir þjóð okkar og ættjörð, fyrir forseta Íslands og ríkisstjórn, Alþingi og dómstólum, sveitarfélögum og stofnunum samfélagsins. Blessa þú bjargráð okkar til lands og sjávar. Ver þú náðugur börnum þínum öllum og gef, að sátt og eining ríki í þjóðlífinu og friður meðal þjóðanna, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

L Við biðjum þig fyrir öllum sem eru sjúk á líkama og sálu ...

Hér má hafa þögn eða bæta við sérstökum bænarefnum.

...fyrir þeim sem eru í fangelsi, fyrir þeim sem búa við fátækt og félagslega einangrun, fyrir þeim sem eru sorgmædd og ellihrum og fyrir þeim sem eru deyjandi.

Hér má biðja sérstaklega fyrir þeim er hafa óskað fyrirbænar safnaðarins.

Líkna þeim, styrk þau og hugga, fyrir Jesú Krist.

S Guð, heyr þá bæn.

Hér er höfð þögn til hljóðrar bænar eða beðið bænar í sérstökum aðstæðum.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bænina sem Drottinn kennir okkur.

A Faðir vor ...

9. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

- L** Guð, við treystum miskunn þinni og biðjum fyrir kirkju þinni í öllum heimi. Sameina hana og endurnýja með anda þínum. Hjálpa okkur að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Send trúa verkamenn í vínarð þinn. Tak frá okkur alla lesti og ótta, svo að veröldin megi í okkur skynja starfandi elsku þína, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum, Guð, fyrir öllum, sem þjást vegna styrjalda eða náttúruhamfara, sökum fordóma, haturs eða annars ranglætis, og fyrir þeim sem sæta kúgun og ofbeldi. Vek okkur til meðvitundar um þjáningu annarra, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Blessa, Guð, kristniboðið um allan heim. Við minnumst sérstaklega starfs íslenska kristniboðsins í Eþíópíu, Kenýu, Japan og í Kína. Blessa Hjálparstarf kirkjunnar og líknarþjónustu hennar heima og heiman, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir þjóð okkar og fósturjörð. Blessa þú forseta Íslands og ríkisstjórn, Alþingi, dómstóla og sveitarstjórnir. Gef þjóðinni farsælt atvinnulíf og helga menntun hennar og menningu. Hjálpa okkur að vernda náttúruna og fara vel með auðæfi hennar, gjafir þínar. Hjálpa okkur að viðhalda frjálsu og réttlátu þjóðfélagi í landi hér, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir öllum sem skortir heilsu og styrk, fyrir þeim okkar sem eru veik, sorgmædd og einmana, fyrir börnum sem búa við erfið kjör. Opna augu okkar fyrir neyð náungans og veit okkur hugrekki til að koma öðru fólki til hjálpar, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Hér er höfð þögn til hljóðrar bænar eða beðið bænar í sérstökum aðstæðum.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bæn Drottins.

A Faðir vor ...

10. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

- L** Biðjum saman í Jesú nafni. Guð, við biðjum fyrir kirkju þinni hér á landi og um allan heim, blessa tilbeiðslu hennar og þjónustu trúar, vonar og kærleika, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum þig fyrir þeim sem þú hefur í heilagri skírn tekið inn í kirkju þína. Varðveit þau í skírnarnáð sinni, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir heimilum og fjölskyldum, foreldrum og börnum, fyrir skólum og uppeldisstofnunum. Við biðjum fyrir þeim sem eru að stofna heimili og ganga í hjónaband, blessa þau og efl í trú og kærleika, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir þjóð og ættjörð okkar, fyrir forseta Íslands, ríkisstjórn, Áþingi og dómstólum. Gef að ákvarðanir þeirra verði landi og þjóð til heilla. Vak yfir byggðum lands og farsæl atvinnuvegi til lands og sjávar. Helga önn sem yndi allra barna þinna, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir þeim sem hafa snúið baki við þér og þeim sem vinna gegn þér. Miskunna þeim. Við minnumst þeirra er líða vegna stríðs og ofbeldis, haturs og ranglætis. Líkna þeim. Við biðjum fyrir þeim sem semja sátt og flytja frið milli manna og þjóða. Ver í verki með þeim, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum fyrir þeim sem sakna og syrgja. Lát þau finna huggun og frið í þér. Við biðjum fyrir þeim sem eru einmana, þeim sem eiga í erfiðleikum í vinnu, á heimili, fyrir þeim sem eru sjúk og þjáð, fyrir þeim sem glíma við vantrú og efa. Fyrir þeim sem við nefnum nú frammi fyrir þér ... Opna hjörtu þeirra fyrir návist þinni, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við felum þér þau öll sem vér elskum nær og fjær, blessa þau og varðveit í friði þínum og kærleika. **Þögn**
- Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:
- D/P** Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.
- Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:
- D/P** Tak að þér allt sem á okkur hvílir. Við felum þér hvert og eitt í orðum bænarinnar sem frelsarinn lagði okkur á varir og hjarta er við biðjum:
- A** Faðir vor ...

11. Kirkjubæn með svörum safnaðarins

- L** Á þessum degi sem Drottinn hefur gert, gefum við Guði dýrðina og biðjum fyrir lýð hans, sem hann hefur endurleyst.
- L** Að við megum lifa eins og þau sem trúá á upprisusigur hins krossfesta.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að allar þjóðir taki við fagnaðarerindinu um Jesú Krist.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að þau sem endurfædd eru fyrir vatn og heilagan anda til lífsins eilífa megi þekkja kraft upprisú Krists.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að þau sem þjást og líða, skelfast og hræðast, finni lækningu og frið í trú og von á Jesú Krist.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að í ljósi upprisú Krists getum við vænst endurfunda við þau sem horfin eru af heimi.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að við ásamt með öllum heilögum getum fagnað sigri Krists.
S Drottinn, heyr þá bæn. **EÐA** Guð, heyr þá bæn.
- L** Faðir miskunnsemdanna, hald okkur í gleði hjálpræðis þíns og trúfesti við sáttmála þinn er við fetum veginn fram til ríkis þíns. Metta okkur brauði lífsins, syni þínum, Jesú Kristi, frelsara okkar.
S Amen.
- Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:**
D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.
Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir D/P:
D/P Allar bænir okkar leggjum við í hendur Guðs í hljóði.
A Faðir vor ...

12. Friðarbæn í víxllestri

- L1** Guð, við biðjum í Jesú nafni.
Við biðjum um frið.
Við biðjum um frið á jörðu.
Þú sem kyrrir vind og sjó og beislar náttúruöflin,
við biðjum þig að varðveita landið allt
og nú á þessum dögum
einkum ... *Hér er hægt að bæta við eftir aðstæðum hverju sinni.*
þorp og bæi, hús og heimili og fólkið allt ... *Hér er hægt að bæta við eftir aðstæðum hverju sinni.*
... við áköllum þig,
- S** Kyrie eleison, Kyrie eleison, Kyrie eleison (*Sálmabók 290*)
- L2** Við biðjum um frið.
Við biðjum um sannan frið, ekki aðgerðaleysi,
heldur jafnvægi, sátt og samlyndi.
Við biðjum um frið á jörðu,
frið meðal þjóða og þjóðarbrotá,
frið í landinu okkar,
frið á vinnustöðum, frið í stofnunum samfélagsins,
frið í skólum og leikskólum,
frið í kirkjunum,
frið á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum,
frið í fangelsum,
frið í peningastofnunum,
frið til sjós og lands, frið í háloftunum.
frið á heimilum og frið í fjölskyldum,
frið milli hjóna og sambýlisfólks,
frið milli foreldra og barna,
frið milli skyldmenna og venslafólks,
frið milli nágranna.
... við áköllum þig,
- S** Kyrie eleison, Kyrie eleison, Kyrie eleison (*Sálmabók 290*)
- L3** Við biðjum um frið.
Við biðjum um frið hvarvetna í heiminum þar sem ófriður ríkir,
einkum biðjum við um frið í ...,
frið meðal stríðandi fylkinga,
frið meðal þeirra sem berjast fyrir réttindum síns fólks, hvarvetna,
... við áköllum þig,
- S** Kyrie eleison, Kyrie eleison, Kyrie eleison (*Sálmabók 290*)
- L4** Við biðjum um frið.

Við biðjum um frið í kirkjunni,
frið meðal kirkna og kirkjudeilda,
frið til að boða þitt heilaga orð,
frið til að koma saman í Jesú nafni,
frið handa þeim sem leita friðar en finna hann ekki í aðstæðum sínum,
vegna fjárhags, heilsufars, fjölskyldulífs eða vegna ótta og kvíða.
Við biðjum um frið handa þeim sem senn munu deyja,
handa þeim sem misst hafa ástvin
og sorgin einkennir daglegt líf og störf.
Við biðjum um frið handa okkur
sem söfnumst saman hér fyrir augliti þínu, Guð.
Við biðjum um þann frið sem heimurinn kann ekki gefa eða veita.
Við biðjum um friðinn sem Jesús Kristur færir okkur,
frið jólanæturinnar, frið páskamorgunsins,
frið friðarkveðjunnar í söfnuðinum miðjum, í nálægð hans.
Við áköllum þig,

S Kyrie eleison, Kyrie eleison, Kyrie eleison (**Sálmabók 290**)

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bænina sem Drottinn kennir okkur.

A Faðir vor ...

13. Kirkjubæn kærleikspjónustu með hreyfingum og svörum safnaðarins

Við þessa bæn snúa kirkjugestir sér eftir áttunum og hreyfa sig þegar áttin er nefnd (sjá skáletrun í texta). Með áttunum er miðað við litúrgískar áttir, þar sem altarið táknar austrið. Vel fer á því að fá fermingarbörn til að stjórna hreyfingunum.

- L** Guð, sem ert gæska og hlíf öllu sem lifir. Við leggjum kirkju Krists í þínar hendur og biðjum um umhyggju henni til handa í kærleikspjónustu hennar.
- L** Við snúum okkur í *suður* og biðjum fyrir náungakærleik. *Söfnuðurinn snýr sér í suður.*
Andi friðar og mildi, við biðjum þess að náungakærleikur og friður vaxi í lífi okkar og í heiminum öllum. Gef okkur vit, kjark og kærleika til að láta okkur annað fólk varða og vera því vinir í raun. Gef yfirvöldum styrk og vit til að stuðla að friði. Hjálpa okkur að leggja stund á alþjóðlegt og innlent hjálparstarf og leggja okkar lóð á vogarskálina fyrir bættum hag þeirra sem líða. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við snúum okkur í *vestur* og biðjum fyrir aðgengilegu samfélagi. *Söfnuðurinn snýr sér í vestur.*
Elskunnar Guð. Hjálpa okkur að hafa inngildingu og lága þröskulda í fyrirrúmi í verkum okkar. Gef okkur víðsýni sem mismunar ekki og þar sem öll þín börn eru metin að verðleikum. Vak yfir þeim okkar sem glíma við sjúkleika og andstreymi. Fær okkur þolinmæði og visku til umvefjandi kærleikspjónustu sem horfir á heiminn frá ólíkum sjónarhornum. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við snúum okkur í *norður* og biðjum um vernd fyrir sköpunarverkið. *Söfnuðurinn snýr sér í norður.*
Guð skapari. Hjálpa okkur að unna sjálfum okkur og öðrum hvíldar. Við leggjum loftslag og hringrás vatns í þínar hendur og biðjum þig að blessa jökla, freðmýrar og ís á sjó og landi sem geyma stóran hluta af ferskvatni heims. Vak yfir þeim dýru sjóðum. Hjálpa okkur að veita sköpuninni vernd. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við snúum okkur í *austur* þar sem upp rennur sól réttlætis og biðjum um réttlæti í heiminum. *Söfnuðurinn snýr sér í austur.*
Kristur, þú sól réttlætisins, umskapa áhyggjur okkar til baráttu fyrir réttlæti og mannréttindum. Gef okkur anda jafnræðis og jafnréttis svo að við sinnum öðrum á jafningjagrundvelli. Ger okkur næm fyrir réttindum og þörfum barna. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

A Faðir vor ...

14. Kirkjubæn á aðventu með svörum safnaðarins

L Við bíðum endurkomu Krists með eftirvæntingu.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Kom þú, dæm og lækna kirkju þína, söfnuð þinn hér, þjóna þína.
Hjálpa okkur að lifa í ljósi aðventu þinnar.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Kom þú sem dómari og drottinn allrar veraldar. Við minnumst ...

Hér bætir fyrirbiðjandinn inn bænarefnum safnaðarins eftir því sem við á.

L Allt vald mun lúta þinni stjórn um síðir.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Kom til lýðs þíns með gleðiboð um sigur þinn og frið ...

Hér bætir fyrirbiðjandinn inn bænarefnum safnaðarins eftir því sem við á.

Veit okkur sigur yfir afli freistinga, illsku, dauða.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Amen, kom þú sem frelsari og huggari.

Við biðjum fyrir ...

Hér bætir fyrirbiðjandinn inn bænarefnum safnaðarins eftir því sem við á.

Lækna, líkna, hugga þau öll sem vona á þig. Og vek okkur til að fylgja þér og þjóna.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Kom í krafti þínum, Kristur, lýstu börnum þínum, lækna heiminn þinn.

S Amen, kom þú, Drottinn Jesús.

L Náðin Drottins Jesú sé með öllum.

A Amen.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Í Jesú nafni biðjum við eins og frelsarinn kenndi:

A Faðir vor ...

15. Litanía á aðventu og föstu með svörum safnaðarins

Nota má litaníu í stað almennrar kirkjubænar á aðventu og föstu. Í stað bænasvarsins segir söfnuðurinn:

S Drottinn, miskunna þú!

L Frammi fyrir krossi þínum áköllum við þig, Drottinn:

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir kirkju þinni hér á landi og um allan heim.

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir þjónum kirkjunnar, biskupum hennar, prestum, djáknum, kristniboðum, starfsfólki og trúnaðarmönnum og öllum þeim sem bera þér vitni.

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir þeim sem trúa ekki á þig, þeim sem snúið hafa baki við þér, þeim sem eru þér reið, þeim sem hafa ekki fundið þig.

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir þeim sem þjást og líða, syrgja og gráta, skelfast, örvænta, við minnumst ... líkna þeim.

Hér bætir fyrirbiðjandinn inn bænarefnum safnaðarins eftir því sem við á. **Þögn**

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir föngum, fyrir þeim sem búa við fátækt og einmanaleika, fyrir þeim sem hafa orðið fyrir ranglæti og kúgun.

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir Íslandi og börnum landsins öllum. Fyrir helgistöðum landsins, sem þú hefur helgað og blessað návist þinni.

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

L Við biðjum fyrir okkur, sem erum veik í trúnni, voninni og kærleikanum. Auk oss trú!

Þögn

S Drottinn, miskunna þú!

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Heyr þá bæn og allar bænir okkar, óskir og vonir, þarfir og þrár sem við felum miskunn þinni í orðum bænar Drottins.

A Faðir vor ...

16. Kirkjubæn á aðventu með svörum safnaðarins (Ó, Antífónur)

- L** Biðjum saman í Jesú nafni.
Ó, eilífa speki, er útgengur af munni hins hæsta og nærð milli endimarka jarðar. Þú hagar öllu með orði þínu. Kom þú og kenn okkur veg viskunnar.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, Drottinn, sem leiðir Ísraelslýð, þú sem birtist Móse í þyrnirunnum og gafst honum lögmálið á Sínaí. Kom og frelsa okkur, þú athvarf okkar og styrkur.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, þú rótarkvistur Ísaí, er stendur sem merki fyrir þjóðirnar. Fyrir þér munu konungar ljúka aftur munnum sínum í undrun, þér munu allar þjóðir lúta. Kom og frelsa okkur, stíg fram í dýrð og dvel eigi.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, lykill Davíðs, þú heilagi og sanni, er opnar svo enginn fær lokað, lokar, svo að enginn fær opnað. Kom og leið þau sem eru í fjötrum út úr dýflissunni.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, þú morgunroði, ljómi hins eilífa ljóss og sól réttlætisins: Kom og lýs þeim er sitja í myrkri og skugga dauðans.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, þú konungur þjóða og þrá heimsins barna, friðarhöfðinginn mikli, sem hefur brotið niður millivegginn sem skildi að Guð og okkur. Kom og frelsa manninn er þú myndaðir af leiri jarðar.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Kom þú, Drottinn Jesús.
- L** Ó, Immanúel, konungur okkar og dómari, von þjóðanna og frelsari heimsins, kom í náð og frelsa okkur, þú athvarf okkar og hlíf.
Drottinn, kom þú skjótt!
- S** Amen. Kom þú, Drottinn Jesús.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Allar bænir okkar leggjum við í hendur Guðs í hljóði.

A Faðir vor ...

17. Kirkjubæn á jólum með svörum safnaðarins

- L** Biðjum saman í Jesú nafni.
Minnstu, Guð, kirkju þinnar sem nú heldur heilög jól.
Lát jólaengil þinn vitja barna þinna allra
með björtu boðin um frelsarann sem fæddur er.
Lát frið hans og birtu gagna sérhverja sál og ríkja í hverjum ranni.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Drottinn Guð, englar þínir sungu um frið á jörðu.
Blessa þau öll sem nú eiga jól í skugga styrjaldaráttaka og ógna, fordóma og kúgunar.
Gef frið meðal þjóða.
Leið alla menn og allar þjóðir á veg réttlætis og sáttargjörðar.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Vak yfir þeim sem halda jól í skugga sorgar og harma.
Hugga þau og blessa, tendra hjá þeim ljósið þitt.
Líkna þeim sem þjást, veit von þeim sem örvænta.
Minnstu þeirra sem eru í fjötrum og í fangelsi.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Ver hjá þeim sem eru fjarri ástvinum um þessi jól
og hjá þeim sem bundin eru við skyldustörf á helgri hátíð,
svo að við getum fagnað í öryggi og friði.
Helga gleði allra þeirra sem fagna og blessa barnsins glaða jólahug.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Heyr þá bæn og allar bænir okkar, óskir og vonir, þarfir og þrár sem við felum miskunn þinni í orðum bænar Jesú Krists:

A Faðir vor ...

18. Kirkjubæn á gamlárskvöld með svari safnaðarins í lokin

L Biðjum saman í Jesú nafni:
Guð, þú stendur við dyr og opnar gáttir.
Þú leiðir þennan dag til lykta
og hylur hinn ókomna.
Af náð þinni gefur þú okkur aðeins eitt andartak í einu.
Við þökkum þér árið sem senn er liðið,
fyrir gleði þess og sorgir,
allt sem það gaf og tók.

Fyrirgef okkur skuldirnar,
synd, afbrot, vanrækslu alla.
Lát engan líða okkar vegna,
heldur opna fyrir okkur leiðir
til að bæta fyrir það sem við höfum gert rangt,
eða látið ógert.
Leys okkur frá gremju yfir því sem að baki er
og kvíða fyrir komandi degi.
Kenn okkur að telja daga okkar
svo að við getum öðlast viturt hjarta.

Við felum þér land okkar og líf þess,
byggðir landsins og börn þess öll,
samfélag, menningu, tungu og trú,
stjórnvöld og þau önnur sem áhrif hafa í samfélaginu,
atvinnulíf og efnahag,
alla tímanlega og eilífa farsæld.

Í þínar hendur felum við árið liðna,
og í trausti til handleiðslu þinnar
höldum vér inn um dyr hins nýja.
Vísu okkur vegu þína, Drottinn,
og leið okkur gegnum skammdegi lífsins,
að við náum því marki sem þú hefur sett jarðlífsgöngu okkar.

S Amen.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bæn Drottins.

A Faðir vor ...

19. Kirkjubæn á nýársdag með svörum safnaðarins

- L** Biðjum saman í Jesú nafni.
Blessa, Guð, kristni þína á morgni ársins nýja.
Blessa þjóna hennar og söfnuði til sjávar og sveita,
tilbeiðslu og þjónustu og vitnisburð í trú, von og kærleika.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum þig, Guð, fyrir þjóð okkar og fósturjörð.
Blessa forseta Íslands, ríkisstjórn, Alþingi og dómstóla,
sveitarstjórnir og stofnanir samfélagsins.
Vak yfir menntun okkar og menningu.
Gef frið og farsæld landsins börnum öllum. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum þig, Guð, gef frið í heimi.
Gef réttlæti, heilindi og sáttfýsi
í samskiptum manna og þjóða, kynþátta og trúarbragða.
Ver í verki með þeim sem semja sátt og flytja frið.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum þig, Guð, rétt út hönd þína
til allra sem eru í hættu stödd.
Veit huggun í sorg, vitja þeirra sem eru í fangelsi.
Lækna hin sjúku og líkna þeim sem eru við dauðans dyr.
Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við leggjum okkur sjálf í þínar hendur á nýju ári,
atvik og örlög, söknuð og sorg, gleði og þökk, óskir og vonir, þarfir og þrár.
Við felum þér allt sem á okkur hvílir og hvert og eitt leggur fram fyrir þig í hljóði.
- Hljóð bæn
- Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:
- D/P** Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.
- Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:
- D/P** Þú heyrir hverja bæn og andvörpin öll er við leggjum fram í orðum bænar Jesú Krists:
- A** Faðir vor ...

20. Kirkjubæn á föstu með regnbogakertum¹

Lesarar eru tveir til sjö. Útbúa þarf sjö arma kertastjaka eða bakka með sjö kertum fyrir messuna með ólíkum litum. Fyrsta kertið er rautt, svo appelsínugult, þá gult, grænt, blátt, lillablátt og fjólublátt, og er eitt kerti tendrað fyrir hverja bæn. Í stað þess að lesa bænina í heild má nota einstakar bænir sem hluta af annarri bænagjörð á föstunni og auka við bænum eftir því sem föstunni vindur fram, þ.e. bænina með rauða kertinu á sunnudag í föstuinngang, appelsínugula á fyrsta sunnudegi í föstu o.s.frv.

- L1** Guð í litum regnbogans. Við minnumst sáttmálans sem þú gerðir við Nóa og allt hans fólk. Við kveikjum á rauða kertinu fyrir kærleikann. **L1 eða annar ljósberi kveikir á rauða kertinu.**
Elskunnar Guð. Við þökkum þér fyrir föstuna sem gefur tækifæri til andrýmis og aðgerða. Við biðjum þig um hjálp til að vera til staðar fyrir fólk og dýr. Láttu kærleikann þinn gera okkur reiðubúin að aðstoða þau sem á vegi okkar verða.
- L2** Við kveikjum á appelsínugula kertinu fyrir umbreytinguna. **L1 eða annar ljósberi kveikir á appelsínugula kertinu.**
Guð skapandi breytinga, þú sem skapaðir allar manneskur í þinni mynd. Veit okkur kjark til aðgerða. Láttu huga okkar hneigjast til breytinga og hönd okkar til hjálpar. Fjarlæg manngerða múra milli okkar og hinna svo að við öll fáum aðgang að vatni, mat og öryggi.
- L3** Við kveikjum á gula kertinu fyrir réttlætið. **L1 eða annar ljósberi kveikir á gula kertinu.**
Guð sem frelsar, við biðjum fyrir jörðinni sem er heimili okkar allra. Minn okkur á ábyrgð okkar gagnvart henni og hjálpa okkur að hlúa að henni. Veit þeim sem gegna ábyrgðarstörfum að byggja ákvarðanir sínar á sjálfbærni og virðingu fyrir sköpuninni.
- L4** Við kveikjum á græna kertinu fyrir vonina. **L1 eða annar ljósberi kveikir á græna kertinu.**
Andinn sem glóir í myrkrinu, þú ert von þeirra sem á þig treysta. Við biðjum fyrir kirkju þinni, takk fyrir að þú hefur kennt henni að vona. Gef styrk þegar áhyggjur, kvíði og uppgjöf sækir okkur heim. Veit okkur þol í þrengingum og óþol gegn óréttlæti.
- L5** Við kveikjum á bláa kertinu fyrir vatnið. **L1 eða annar ljósberi kveikir á bláa kertinu.**
Lifandi vatn, takk fyrir lífgefandi dropana þína sem slökkva þorstann og gefa endurnæringu. Ger okkur meðvituð um mikilvægi vatnsins og viljug að liðsinna þeim sem lifa við óhrein vatnsból og bága aðstöðu til hreinlætis. Takk fyrir skírnarvatnið sem gefur nýtt líf.
- L6** Við kveikjum á lillabláa kertinu fyrir friðinn. **L1 eða annar ljósberi kveikir á lillabláa kertinu.**
Maríusonur, sem upplifðir ótta og flóttu sem barn. Við biðjum þess að við fáum öll notið friðar og öryggis, stór og smá. Við biðjum fyrir þeim sem eru á flóttu og hafa misst heimili sitt sökum stríðs, fátæktar og fordóma. Opna hjörtu okkar og arma okkar.

¹ Bænin er lauslega þýdd úr norsku, en hún á uppruna sinn í Hjálparstarfi Norsku kirkjunnar.

L7 Við kveikjum á fjólubláa kertinu fyrir Jesú Krist. **L1** eða annar ljósberi kveikir á fjólubláa kertinu.

Jesús kær. Við kveikjum á fjólubláa kertinu fyrir þig, sem tókst á sig þjáningar heimsins og grætur með þeim sem líða. Ver með þeim okkar sem bera þungan kross í öllum sínum myndum. Reistu okkur við þegar við bognum og réttu okkur hönd þína.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Guð samkenndar og friðar, þú þekkir hjörtu okkar. Allar bænir okkar felum við í þínar hendur og segjum saman bænina sem Jesús kenndi okkur.

A Faðir vor ...

21. Kirkjubæn á Boðunardegi Maríu með svörum safnaðarins

Bænin er út frá textum boðunardagsins og viðkvæðið «Drottinn, miskunna þeim er óttast þig/heilagt er nafn þitt» er úr Lofsöng Maríu (Lk 1.50).

L Er við biðjum Guð, föður Drottins Jesú Krists,
segjum við með Maríu:

„Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.“

L Spámenn þínir boðuðu þann dag
er meyjan myndi þunguð verða og son ala,
sem myndi kallast Guð með okkur.

Hjálpa okkur að horfa vonarrík til hjálpræðis þíns
og leita ríkis þíns og réttlætis.

Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.

L Engill þinn boðaði Maríu
að hún myndi verða móðir frelsarans.

Hjálpa þeim sem játa nafn Krists,

af hverju kyni, stétt og þjóð,

að vera opin fyrir orði þínu

og hlýðin vilja þínum eins og hún.

Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.

L María gladdist með Elísabetu og söng þér lof og dýrð:

Önd mín lofar Drottin og andi minn gleðst í Guði!

Hjálpa okkur að lifa í gleði og lofa nafn þitt.

Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.

L María fæddi son af ætt Davíðs,

Á ríki hans mun enginn endir verða.

Blessa allar þjóðir heims með friði og náð frelsarans Krists.

Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.

L Barnið Jesús óx að visku og vexti og náð á heimili þeirra Jósefs og Maríu.

Styrk og blessa heimili okkar og fjölskyldur.

Varðveit öll þau sem við elskum nær og fjær.

Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.

S Heilagt er nafn þitt.

L Við kross Jesú stóð móðir hans
og tók hún við honum andvana í arma sína.
Hugga þau sem syrgja og sakna,
þau öll sem horfa á ástvini líða og þjást.
Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.
S Heilagt er nafn þitt.

L Jóhannes postuli sá í sýn konu á himni
sem var íklædd sólunni.
Tak á móti þeim sem kvatt hafa þennan heim
í trú á frelsarann Jesú Krist,
að þau megi eiga hlutdeild í birtunni sem engan skugga ber á,
ásamt Maríu guðsmóður og öllum heilögum.
Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.
S Heilagt er nafn þitt.

L Eilífi Guð, sem kallaðir Maríu mey til að vera móðir sonar þíns,
gef að við sem fögnum komu frelsarans
megum eins gleðjast yfir komu hans
er hann birtist í dýrð að dæma lifendur og dauða.
Verði okkur þá eftir orði þínu sem sýknar og reisir.
Drottinn, miskunna þeim sem óttast þig.
S Heilagt er nafn þitt.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bænina sem Drottinn kennir okkur.

A Faðir vor ...

22. Kirkjubæn á skírdagskvöld með svörum safnaðarins

Hér má syngja bænarsvör úr sálmaþók milli bænanna.

L Biðjum saman í Jesú nafni.

Blessa, Guð, kirkju þína

sem safnast saman við borðið þitt á helgu skírdagskvöldi.

L Á þessari nóttu

sem hann svikinn var

þvoði sonur þinn, Jesús Kristur, fætur lærisveina sinna

og gaf þeim eftirdæmi hinnar hógværu þjónustu.

Kenn okkur að fylgja dæmi hans í trú.

S Fyrir Jesú Krist.

L Á þessari nóttu

bað hann fyrir lærisveinum sínum og öllum sem á hann trúa,

að þau mættu öll vera eitt.

Við biðjum fyrir einingu kristni þinnar.

S Fyrir Jesú Krist.

L Á þessari nóttu

bað hann fyrir þeim sem myndu trúa á þig fyrir orð þeirra.

Við biðjum fyrir öllum þeim

sem boða þitt orð

og vitna um þig í orði og verki.

S Fyrir Jesú Krist.

L Á þessari nóttu

bauð hann þeim að elska hvert annað,

en var svikinn og honum hafnað.

Hann var smáður og dæmdur.

Við biðjum fyrir þeim sem þola höfnun,

ástleysi og ofbeldi.

Við biðjum fyrir þeim sem ofsótt eru sökum trúar sinnar.

S Fyrir Jesú Krist.

L Á þessari nóttu

fullvissaði hann þau um

að hann myndi sjá þau aftur og hryggð þeirra myndi snúast í fögnuð.

Gef öllum sem syrgja og sakna

huggun og frið þeirrar trúar.

S Fyrir Jesú Krist.

Þögn til hljóðrar bænar eða beðið bænir í sérstökum aðstæðum.

Á skírdagskvöld fer altarisganga að jafnaði fram. Þá getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

23. Kirkjubæn á föstudaginn langa án svars safnaðarins

L Í dag varst þú, heilagi frelsari,
smáður okkar vegna,
með illræðismönnum talinn,
þyrnikórónu krýndur. **Þögn**

Í dag gafstu, góði hirðir,
líf þitt í sölurnar fyrir sauðina,
krossfestur á milli ræningja,
heilagar hendur þínar gegnumstungnar. **Þögn**

Í dag fullkomnaðir þú, endurlausnari, lífsverk þitt,
og líkami þinn var lagður í klettagröf. **Þögn**

Jesús Kristur, lát í dag vantrú allri linna,
að við fáum á degi upprisunnar
hlutdeild í hinni eilífu kvöldmáltíð á himnum.
Þú sem lifir og ríkir með Guði föður,
í einingu heilags anda,
einn sannur Guð frá eilífð til eilíðar.
Amen.

Þögn til hljóðrar bænar. Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir D/P:

D/P Jesús, minnstu okkar er þú kemur í ríki þitt. Kenndu okkur að biðja.

A Faðir vor ...

24. Kirkjubæn á páskadag með svörum safnaðarins

Hér er hægt að velja bænasmör úr sálmabók til að syngja milli bæna.

- L** Guð, sem í Jesú Kristi sigraðir dauðann
og leiddir í ljós lífið og ódauðleikann,
við lofum þig sem hið eilífa ljós
og sól hinnar komandi veraldar.
Lát líf okkar vera hulið með þér í Kristi
svo að við lifum á jörðu
eins og við þegar tilheyrðum ríki þínu,
Varðveit kirkju þína
sem nú heldur heilaga páskahátíð.
Sameina hana og endurnýja með heilögum anda þínum.
Lát fögnuð upprisutruar enduróma í lífi okkar og verkum,
fyrir hinn upprisna Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Lífsins faðir,
þú sem raufst innsigli valdsins,
veltir steininum frá grafarmunnum,
hraktir varðmennina á flóttu
og allt vald mun um síðir lúta,
við biðjum þig,
blessa stjórnvöld lands okkar
og þau öll sem ábyrgð bera á lífi og heill samfélagsins.
Gef að ákvarðanir þeirra stýrist af réttlæti, mannúð og virðingu.
Fyrir hinn upprisna Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Ljóssins móðir,
blessa börn þín öll hér á landi og um heim allan,
vitja þeirra sem sjúk eru og þjáð með von og huggun upprisunnar,
hughreyst þau sem syrgja,
hjálpa þeim sem eru í fangelsi, búa við fátækt og eru einstæð,
ver með flóttamönnum, þeim sem ofsótt eru og stríðshrjáð,
líkna þeim sem eru við dauðans dyr,
fyrir hinn upprisna Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Hér er höfð þögn til hljóðrar bænar eða beðið bænar í sérstökum aðstæðum.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

A Faðir vor ...

25. Kirkjubæn á páskadag með svörum safnaðarins

- L** Á þessum degi, sem Drottinn hefur gert, gefum við Guði dýrðina og biðjum fyrir kristni hans, sem hann hefur endurleyst.
- L** Að við megum lifa
eins og þau sem trúa á upprisusigur hins krossfesta,
fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að allar þjóðir
taki við fagnaðarerindinu um sigur lífs og vonar,
fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að þau sem endurfædd eru
fyrir vatn og heilagan anda
í skírninni til eilífa lífsins
megi þekkja kraft upprisunnar,
fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að þau sem þjást og líða
finni lækningu og frið
í trú, von og kærleika.
Að þau sem eru í fjötrum og fangelsi,
eru á flótta eða sæta kúgun,
finni lausn og frelsi í þér,
fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Að þú sért í öllu huggun og von,
og að þau sem sakna og syrgja
megi í ljósi upprisunnar
vænta endurfunda við þau
sem horfin eru af heimi,
fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum saman bæn Drottins.

A Faðir vor ...

26. Kirkjubæn um sumar með svörum safnaðarins

Hér er hægt að syngja bænsvör úr sálmaþók milli bæna.

L Biðjum saman í Jesú nafni.

L Við þökkum þér, Guð, allar þínar gjafir,
lífið í allri sinni hrynjandi og auðgi.
Nú minnum við hvert annað á
mildina og örlætið sem stafar frá miskunn þinni.
Allt sem við eigum þáðum við af þér.
Allt sem við vonum sprettur af kærleika þínum.
Allt sem við gleðjumst yfir er gjafir þínar.
Allt sem við biðjum öðlumst við eftir vilja þínum.
Fyrir Jesú Krist.

L Við lofum þig, Guð, fyrir fegurð þessarar jarðar,
fyrir morguninn, sólina og skugga kvöldsins,
fyrir dýrð blómanna og söng fuglanna,
fyrir yndisleik barnanna og þokka mannanna,
fyrir gáfu listarinnar í máli, tónum og litum.
Opna hjörtu okkar, skapari okkar og faðir,
svo að við fáum notið sköpunar þinnar og auðgað hug og hjarta.
Ger okkur þakkláta votta þér til lofs og dýrðar.
Fyrir Jesú Krist.

L Guð, við felum þér líkama okkar, anda og sál.
Þú sem gefur öllum þjáðum og snauðum von,
lát kærleika þinn lýsa í hjörtum okkar.
Þú sem tókst á þig sorg og tár, sár og dauða, okkar vegna,
lát krossinn þinn vernda okkur gegn háska syndar og dauða.
Lát kærleika þinn lýsa í hjörtum okkar
svo við getum elskað náungann eins og sjálf okkur, vini okkar og óvini,
og mætt hverju því sem að höndum ber í æðruleysi.
Fyrir Jesú Krist.

Hér geta fylgt bænir í sérstökum aðstæðum.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Í Jesú nafni biðjum við eins og frelsarinn kenndi:

A Faðir vor ...

27. Kirkjubæn við fermingu með svörum safnaðarins

- L** Biðjum saman í Jesú nafni.
- L** Algóða himneska móðir, sem tókst þessi börn að þér í heilagri skírn, blessa fermingarheit þeirra og ásetning. Hjálpa þeim að vera trú og staðföst, berjast góðu baráttunni og höndla eilífa lífið. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Blessaðu heimili þeirra, foreldra og forráðamenn, systkin, heimilisdýr og ástvini alla. Styrk alla foreldra til að vera góðir uppalendur, að systkini séu samhent og börn sinni foreldrum sínum vel. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Vaktu yfir jörðinni okkar og hjálpaðu okkur að gæta vel að henni, fyrir börn framtíðarinnar. Gefðu frið í heiminum, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Blessaðu staðinn og samfélagið þar sem við búum, vaktu yfir landi og þjóð, yfir öllum sem hér búa, starfa og koma. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Vertu með þeim sem stjórna landinu og hjálpaðu þeim að taka góðar ákvarðanir fyrir mannréttindi, frið og umhverfi. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Líknaðu þeim sem líður illa. Vertu vinur þeim sem eru veik, eiga fáa vini og glíma við fíkn og erfiðleika. Hjálpaðu okkur að vera góðir vinir, fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.
- L** Við biðjum sérstaklega fyrir ungu fólki, svo að þau geti horft björtum augum til framtíðar og lagt sína góðu krafta og gáfur af mörkum, til að gera lífið betra og auðugra, sér og öðrum. Fyrir Jesú Krist.
- S** Guð, heyr þá bæn.

Eigi altarisganga að fara fram getur vígður þjónn lokið almennri kirkjubæn með orðunum:

D/P Guð, heyr bænir okkar og uppfyll þær að vilja þínum fyrir Jesú Krist.

Eigi ekki að fara fram altarisganga, segir **D/P**:

D/P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

A Faðir vor ...

V. Bænir í sérstökum aðstæðum – kirkjuárið

28. Á sunnudögum árið um kring

Guð, sem ert mitt á meðal okkar. Þú hefur heitið því að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir og samhuga í þínu nafni, munir þú heyra bænir þeirra. Uppfyll þær að vilja þínum. Gef okkur í þessum heimi þekkingu á sannleikanum og í hinum komandi eilíft líf. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Drottinn náðarinnar, við þökkum fyrir þitt heilaga hjálpræðisorð, sem við komum saman að heyra ásamt allri kirkju þinni. Við biðjum þig: Gef okkur heilagan anda þinn, að við tökum við því með þakklátu hjarta og breytum eftir því, vöxum í trú, von og kærleika og verðum sáluhólpin, fyrir Jesú Krist.

29. Á aðventu

Guð sem nálgast. Vek okkur, gef okkur olíu á lampann, svo að við verðum reiðubúin að taka á móti syni þínum þegar hann kemur. Helga okkur til líkama og sálar, að við lútum honum sem Drottni okkar og frelsara. Fyrir Jesú Krist.

30. Um jól

Við þökkum þér, miskunnsami faðir, fyrir þessa fagnaðarríku hátíð. Lát okkur gleðjast yfir fæðingu frelsarans, halda okkur fast við hann, svo að við fyrir trúna á hann öðlumst þann frið sem enginn megnar frá okkur að taka. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Sindrandi myrkur, við þökkum þér fyrir yndisleik jólanna: Barnið í jötunni, söng englanna, lotningu hirðanna, umhyggju Maríu, trúfesti Jósefs, blik stjörnuunnar, einbeitni vitringanna og örlæti dýranna, gleði barna, góðvild manna. Umfram allt þökkum við þér fyrir innihald jólaguðspjallsins, að þú elskaðir svo heiminn að þú gafst son þinn, Jesú Krist, til þess að við mættum lifa fyrir hann. Lof og þökk sé þér, Guð, fyrir þá miklu náð, dýrmætu gjöf, kærleika þinn. Fyrir Jesú Krist.

31. Á gamlárskvöld

Drottinn, eins og vötnin líða dagar okkar fram og líf okkar með þeim. Í gær og í dag og á morgun ert þú hinn sami og um aldir. Frá eilífi þekkir þú okkur. Bú okkur undir það sem þú ætlar okkur. Þess biðjum við í trausti til trúfesti þinnar. Fyrir Jesú Krist.

32. Á nýársdag

Eilífi Guð, þú varst og ert frá kyni til kyns, og ár þín fá engan enda. Blessa okkur nýja árið og hjálpa okkur að þóknast þér í öllum verkum okkar. Fyrir Jesú Krist.

33. Um föstu

Við þökkum þér, algóði Guð, að þú hefur gefið okkur son þinn, Jesú Krist, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf: Gef okkur fyrir heilagan anda styrka og örugga trú. Hjálpa okkur, svo að við megum daglega deyja syndinni og íklæðast Drottni Jesú Kristi og ekkert megni að hrífa okkur frá honum. Fyrir Jesú Krist.

34. Um páska

Við lofum þig, lifandi Guð, fyrir endurlausnina, sem þú hefur búið okkur og fyrir ljós eilífs lífs, sem þú hefur látið okkur upp renna í myrkurum syndar og dauða, fyrir upprisu sonar þíns frá dauðum: Hjálpa okkur með þínum heilaga anda að hafna verkum myrkursins og framganga sem ljóssins börn, berjast trúarinnar góðu baráttu og höndla eilífa lífið. Fyrir Jesú Krist.

35. Á uppstigningardag

Drottinn Kristur, þú yfirgafst þessa jörð til að geta verið hjá okkur öllum alls staðar.

Í fjörutíu vikur hvíldir þú í móðurlífi Maríu.

Í fjörutíu daga fastaðir þú í eyðimörkinni.

Í fjörutíu stundir hvíldirðu í gröfinni.

Í fjörutíu daga varstu á sérstakan hátt meðal okkar, upprisinn frá dauðum.

Nú ertu hjá okkur þar sem við erum, óháð tíma og rúmi, stað og stund, einmana og með öðrum, gleði og sorg, vinnu og hvíld, þar hefur þú verið og allt hefur þú borið í okkar stað.

Þökk sé þér fyrir návist þína í heiminum, í kirkjunni, í lífi okkar. Þökk sé þér að þú ERT.

Fyrir Jesú Krist.

36. Um hvítasunnu

Við lofum þig og þökkum þér, miskunnsami faðir, að þú hefur gefið okkur heilagan anda og stofnsett kirkju þína meðal okkar. Upplýs okkur með orði þínu og lát heilagan anda leiða okkur í allan sannleikann, varðveita okkur frá allri villu og gera okkur staðföst í trúnni, svo að við berum náð þinni verðugt vitni og eflumst í því sem þér er þóknanlegt. Fyrir Jesú Krist.

VI. Bænir í sérstökum aðstæðum – kirkjulegar athafnir og aðstæður daglegs lífs

37. Þegar barn er skírt

Drottinn Guð, hlýja móðir, sem af náð þinni hefur í heilagri skírni veitt oss inntöku inn í kirkju þína: Við þökkum þér, að þú hefur tekið barnið, sem var skírt í kirkjunni í dag, í söfnuð þinn, og biðjum þig að varðveita það í elsku þinni, svo að það vaxi að visku og vexti og náð hjá þér og mönnum. Hjálpa því og okkur öllum að halda skírnarsáttmálann og þjóna þér í sannri og lifandi trú. Fyrir Jesú Krist.

EDA

Upprisni Drottinn og frelsari, blessa barnið, NN, sem hér var fært þér í heilagri skírni, vernda hann/hana, heimili hans/hennar og ástvini í trú, von og kærleika, fyrir hinn upprisna Jesú Krist.

38. Við fermingu

Guð, sem varst unglingur í musterinu, við treystum þér, að þú munir varðveita ungmenning, sem við höfum falið þér í dag. Fullkomna hið góða verk sem þú hefur byrjað í þeim. Hjálpa þeim að vera trú og staðföst, berjast góðu baráttunni og höndla eilífa lífið, sem þú hefur kallað þau til. Fyrir Jesú Krist.

39. Fyrir nývígðum hjónum

Kærleiksljómi, gef þeim hjónum sem hafa verið saman vígð í þínu nafni alla heill og blessun til lífs og sálar. Helga og blessa heimili þeirra og fjölskyldulíf og hjálpa þeim að treysta á þig og lifa í kærleika til þín og náungans. Fyrir Jesú Krist.

40. Fyrir landi og þjóð

Við þökkum þér, eilífi Guð, landið sem þú hefur gefið okkur. Ger okkur minnug á gjafir þínar og kenn okkur að fara með þær að vilja þínum. Gef okkur eindrægni í samskiptum hvert við annað, svo að friður, frelsi og réttlæti megi ríkja meðal okkar. Leið þau sem gegna trúnaðarstörfum í þágu lands og þjóðar, að þau megi öðlast viturt hjarta og stjórna að vilja þínum. Ger okkur þakklát í velsæld og þolinmóð í þrengingum, fyrir Jesú Krist.

41. Fyrir samfélagi okkar

Kristur sem knýrð á og gefst ekki upp á okkur. Opna þú hjörtu okkar fyrir náð þinni. Útrým öllu illu úr lífi okkar, en veit rúm því sem er gott og fagurt, svo að við eflum tengslin á milli okkar, þroskumst að vilja þínum og verðum eitt í þér. Fyrir Jesú Krist.

42. Fyrir friði

Friðarhöfðingi, leið þjóðir heims á brautir réttlætis og sannleika og set þann frið, sem er ávöxtur réttlætisins, svo að heimurinn megi bera mynd þína, sem ert skapari okkar. Fyrir Jesú Krist.

43. Fyrir atvinnulífi þjóðarinnar

Guð sem ert sístarfandi elska, vertu með okkur, í öllum verkum okkar. Hjálpa okkur að haga atvinnu okkar að vilja þínum, svo að við framgöngum með heilindum í öllu því sem við vinnum. Styrk okkur til að ávaxta það sem þú gefur og gef okkur öllum réttláta umbun erfiðis okkar. Fyrir Jesú Krist.

44. Fyrir skólum

Undraráðgjafi, blessa þú skólana okkar á öllum stigum, frá leikskólum til fullorðinsfræðslu. Efldu gagnrýna hugsun, auk okkur víðsýni og samfélagslega ábyrgð. Hjálpa kennurum og öllum uppálendum í þeirra mikilvæga samfélagshlutverki, hlutverki til þekkingar, að þau megi finna í þér uppsprettu allrar speki. Fyrir Jesú Krist.

45. Fyrir menningarlífi

Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa er frá þér, móðir ljósanna. Blessa listamenn og handverksfólk í öllum þeirra verkum. Gef okkur náð til þess að njóta fegurðar, innblásturs og skemmtunar, svo að hjörtu okkar verði opin fyrir gæsku þinni. Fyrir Jesú Krist.

46. Fyrir kristniboði og útbreiðslu fagnaðarerindisins

Guð, veit okkur það sem þú hefur heitið okkur fyrir munn spámannanna þinna, að frá sólarupprás til sólarlags verði nafn þitt lofað meðal allra þjóða, svo að elska þín verði kunngjörð og lofuð meðal allra manna fyrir mátt fagnaðarerindis þíns. Fyrir Jesú Krist.

EDÁ

Guð, faðir okkar, þú sem svo elskaðir heiminn að þú gafst einkason þinn til að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf. Við biðjum þig að blessa þau sem hlýða boði hans að gera allar þjóðir að lærisveinum, að skíra, kenna og treysta á návist hans. Blessa allt kristniboðsstarf í þínu nafni, bæði heima og í fjarlægum löndum. Gjör okkur fús til að leggja fram krafta okkar til þessa starfa þíns, svo að öll börn þín, hvar sem er í heiminum, fái tækifæri til að þekkja kærleika þinn og eignast með okkur fögnuðinn sem okkur er gefinn fyrir Jesú Krist.

47. Fyrir söfnuðinum

Himnaborg, heyr bænir okkar. Veit söfnuði okkar allt það sem hann þarfnast. Styrk og fullkomna hina trúu, vitja og líkna þeim sjúku, blessa og vernda börnin, snú vantrúuðum til þín, milda hörð hjörtu, vek andvaralaus, hjálpa þeim er hrasa að ná aftur fótfestu, endurreis

þau sem iðrast, fjarlæg allt sem reynir að hindra framgang sannleika þíns, og hjálpa okkur öllum að hafa eitt hjarta og eina sál í kirkju þinni, til dýrðar nafni þínu. Fyrir Jesú Krist.

48. Í vetrarbyrjun

Heimsljós, við þökkum þér fyrir sumarið sem nú er liðið og biðjum þig að blessa veturinn sem í hönd fer. Hjálpa okkur að treysta því að þú stýrir öllu til góðs. Gef þú farsæla veðráttu til lands og sjávar, vernda okkur gegn slysum og hvers konar ófarnaði og lát okkur vera minnug þess að þú lifir og stýrir árstíðum öllum og munt opinbera mátt þinn og kærleika á sama hátt og birtan sigrar og vor leysir vetur af hólmi. Fyrir Jesú Krist.

EDA

Lifandi Guð, þú seður allt sem lifir með blessun. Við lofum þig fyrir sumarið sem nú er að kveðja og allar gjafir þínar sem þú af náð þinni leyfðir okkur að njóta. Gef farsæld og góða afkomu. Ger okkur vonarrík, þróttmikil og þakklát í trausti til þín og nafni þínu til lofs og dýrðar. Fyrir Jesú Krist.

49. Á meðan á vertíð stendur

Þú sem kyrrir vind og sjó. Við lofum þig fyrir að hafa gefið okkur auðug fiskimið og biðjum þig að hjálpa okkur að þiggja gjafir þínar með þakklátum huga. Gef okkur góða og gjöfula vertíð. Ver með sjómönnum og hjálpa þeim í erfiðleikum og hættum. Fyrir Jesú Krist.

50. Fyrir ferðamönnum

Leiðarstjarna, þú vísar okkur þá leið sem við eigum að fara. Ver þú með pílgrímum á leið til helgra staða og gefðu þeim styrk á göngunni. Vak yfir öllum sem ferðast um loft, láð eða lög. Hjálpa þeim sem farartækjum stýra, veit þeim leiðsögn og styrk. Varðveit þau sem ferðast, svo að för allra megi ljúka á farsælan hátt. Fyrir Jesú Krist.

51. Í sumarbyrjun

Við lofum þig, Guð, gróskunnar, fyrir komu vorsins. Lát það minna okkur á upprisu sonar þíns og gef okkur náð til að taka háttaskiptum með endurnýjun hugarfarsins. Vak yfir öllum störfum okkar til lands og sjávar. Gef ávöxt moldar og miða, vernda iðnað, verslun og þjónustu alla. Blessa þau sem um landið ferðast og styð hvers konar uppbyggingu. Endurnær okkur með lífgandi birtu ljóssins, svo að við megum taka á móti vetrinum endurnýjuð til lífs og sálar. Fyrir Jesú Krist.

52. Fyrir náttúruvernd

Jörðin og allt sem á henni er tilheyrir þér, Guð. Þú trúðir okkur fyrir sköpun þinni. Gef okkur visku og auðmýkt, að við notum auðæfi jarðar okkur til blessunar og viðurværis, en spillum engu því sem þú hefur skapað. Lát okkur svo umgangast það sem þú hefur skapað, að enginn beri skaða af, en komandi kynslóðir megi og njóta lífs í gnægtum og lofa gæsku þína. Fyrir Jesú Krist.

53. Þakkargjörð

Lof sé þér, Guð, fyrir alla gæsku þína við okkur mennina, fyrir heiminn sem þú hefur fengið okkur til dvalar með öllu hans undri og fegurð. Lof sé þér fyrir líf og heilsu, fyrir fæði og

klæði, fyrir vini og heimili, fyrir umhyggju þína sem vakir yfir okkur alla tíð, fyrir trúfesti þína sem aldrei bregst. Umfram allt lofum við þig fyrir Jesú Krist, einkason þinn og frelsara okkar, sem kom í heiminn og dó fyrir okkur og hefur opinberað okkur þann kærleika sem er æðri öllum skilningi. Veit okkur í heilögum anda lifandi trú, örugga von og fölskvalausan kærleika. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Við lofum yndisleik þinn, Guð, í musteri þínu. Við lofum þig fyrir litadýrð jarðarinnar, fyrir morguninn, sólina og skugga kvöldsins, fyrir dýrð blómanna og söng fuglanna, fyrir fegurð barnanna og þokka mannanna, fyrir gáfu listarinnar í máli, tónum og litum. Opna hjörtu okkar, skaparinn góði, svo að við fáum notið sköpunar þinnar og auðgað hug og hjarta. Ger okkur þakklát og syngjandi þér til lofs og dýrðar. Fyrir Jesú Krist.

54. Styrkur í þrengingum

Guð allrar huggunar, veit okkur fyrir orð þitt og heilagan anda stöðuga, glaða og þakkláta trú, sem við getum sigrað með sérhverja raun og fengið að lokum skilið, að það er satt, sem þinn elskaði sonur segir: Verið hughraust, ég hef sigrað heiminn. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Almáttugi, miskunnsami Guð, þú þekkir bresti okkar. Hjálpa okkur að öðlast þolinmæði og stöðuga von á þig og barnslegt traust, sem finnur föðurhjartað bak við krossinn. Styrk okkur með mætti þínum til þolinmæði og þreklundar. Hjálpa okkur að standast þraut og freistni og lofa þig dýpst í þjáningum öllum með glöðu hjarta. Fyrir Jesú Krist.

55. Fyrir þeim sem sjúk eru og/eða hafa óskað fyrirbænar

Við biðjum þig, Guð, að hugga og styrkja þau öll, sem eru í vanda, sorg, neyð eða eiga í sjúkdómum eða annarri raun, sérstaklega þau sem við nú nefnum ...

Þögn eða sérstakar fyrirbænar

Lát þau finna blessun og hjálp og öðlast kjark, huggun og frið. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Guð, þú kennir okkur að biðja hvert fyrir öðru. Við komum til þín með áhyggjur okkar og minnumst sérstaklega fyrir þér NN, sem óskað hefur fyrirbænar safnaðarins. Annastu NN, og lát NN skynja elsku þína. Drag úr þjáningum NN og hjálpa NN að koma þroskaðri og án beiskju úr þessum reynslueldi. Veikindi og andstreymi auka okkur þann kærleika sem ber annarra byrðar. Gef okkur náðar- og bænaanda og leið okkur og þau öll, sem við elskum, í allri neyð og til þeirrar hvíldar, sem þú hefur búið okkur fyrir Jesú Krist.

56. Minning látinna

Guð, við minnumst í þakklæti og auðmýkt látinna vina og vandamanna. Sameina okkur þeim í einni trú, von og kærleika, svo að við megum nálgast þig og eignast hlutdeild með þeim sem líta ásjónu þína í eilífri dýrð þinni. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Drottinn Guð, hvorki líf né dauði gjörir þau viðskila við þig sem treysta á kærleika þinn. Lát okkur treysta kærleika þínum, sem umvefur öll börnin þín í lífi og dauða. Lát okkur ætíð vera bundin ástvinum okkar í samfélaginu við þig og treysta því, að þú munir sameina okkur þeim sem dauðinn hefur nú skilið frá okkur. Gef okkur kjark, staðfestu og von fyrir hann sem dó og var grafinn og reis upp frá dauðum okkar vegna, Jesú Krist.

57. Fyrir eldra fólk

Guð, sem ert frá öndverðu, frá bernsku til elliára, hinn sami. Þú berð okkur og frelsar, gefur góð ár með visku og virkni og heldur okkur uppi á þungum dögum. Miskunna, Drottinn, þeim sem ellin einangrar og veikir. Þú þeim friðsæla og góða aðstöðu og auk þeim trú og fullvissu um kærleika þinn er styrkurinn dvínar. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Eilífi Guð, sem ert hinn sami þótt árin líði, ver hjá þeim sem ellin er þungbær. Þótt líkami og andi hrörni, lát þá anda þeirra vera styrka í þér, að þau megni að bera með þolgæði þreytu, vanlíðan og söknuð og að síðustu mæta efstu stundu æðrulaus í friði. Fyrir Jesú Krist.

58. Fyrir foreldrum og uppalendum

Jesús, bróðir besti, við þökkum þér fyrir börnin sem þú hefur gefið okkur og fyrir alla góða foreldra og uppalendur. Gef okkur náð, þrautseigju og þolinmæði til þess að ala börnin upp í góðum siðum og í trú á þig, von og kærleika, svo að þau vaxi með árum í náð og verði ætíð talin meðal þinna útvöldu barna. Fyrir Jesú Krist.

59. Fyrir börnum

Barnavinur mesti, við lofum þig og þökkum þér fyrir börnin sem þú hefur gefið okkur, og fyrir alla gleði sem þau hafa fært okkur. Við biðjum þig að hjálpa okkur að ala þau upp í kærleika til þín og náungans og laða þau að vilja þínum. Gef þeim anda sannleika, hugrekkis og sjálfstjórnar, svo að þau fái óbeit á allri grimmd, en elski fegurð, gæsku og miskunnsemi. Lát þau vaxa í náð með aldri, fyrir Jesú Krist.

60. Um traust

Guð, við leitum skjóls undir vængjum þínum. Gef okkur trú til að leggja allt í þínar hendur og lát okkur minnast þess í öllum vandræðum og erfiðleikum, að þeim sem þig elska, samverkar allt til góðs. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Ráð þú, Drottinn, í öllu sem við áformum, óskum og gjörum, svo að allt verði það í þér hafið, framið og fullnað og við, sakir miskunnar þinnar, lifum þér til dýrðar og öðlumst af náð þinni eilíft líf. Fyrir Jesú Krist.

EÐA

Drottinn Guð, ger brautir þínar augljósar sjónum okkar, lát dýrð þína vera takmark okkar, orð þitt leiðarljós og vilja þinn verða nú og að eilífu, fyrir Jesú Krist.

61. Fyrir friði

Drottinn, ger okkur að verkfærum friðar þíns,
að kærleikur rými burt hatri,
ranglæti víki fyrir fyrirgefningu,
myrkrið fyrir ljósi,
örvænting snúist í von,
sorgin í gleði.
Hjálpa okkur að fyrirgefa rangindi,
stuðla að sátt í ósætti,
tendra ljós í skugga,
veita huggun í sorg.
Hjálpa okkur að sækjast fremur eftir að
hughreysta en láta huggast,
skilja en njóta skilnings,
elska en vera elskuð.
Því að okkur er gefið ef við gefum,
við finnum okkur sjálf í umhyggju fyrir öðrum,
okkur fyrirgefst ef við fyrirgefum
og fyrir dauðann fæðumst við til eilífs líf.
Fyrir Jesú Krist.